

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2012


**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um mál nr. 731 á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um gjaldeyrismál, með síðri breytingum (rýmkun heimilda, aukið eftirlit, hækkun sekta o.fl.).**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 30. apríl sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Eins og fyrr vilja LL einkum leggja sérstaklega áherslu á að núverandi gjaldeyrishöft koma afar illa niður á lífeyrissjóðum og þeim mun verr sem höftin vara lengur. Í því ljósi má fagna því að verið sé að rýmka heimildir s.s. heimildir til endurfjárfestinga. Hins vegar er ljóst að þeim rýmkunum sem felast í frumvarpinu er einkum ætlað að auðvelda almenningi að lifa við höftin. Því má ætla að verið sé að festa höftin enn í sessi sem er verulegt áhyggjuefni fyrir lífeyrissjóðina.

Fjárfestingaumhverfi lífeyrissjóðanna er óvenjulega erfitt um þessar mundir og þarf að fara nokkra áratugi aftur í tímann til að finna sambærilegar aðstæður. Fjárfestingatækifæri sjóðanna eru mjög fá og kemur það m.a. fram í því að sjóðirnir fjárfesta einkum í hvers kyns skuldabréfum á vegum ríkis og sveitafélaga. Með núverandi gjaldeyrishöftum er áhætta sjóðanna verulega aukin þar sem sjóðunum er skorinn afar þröngur stakkur við að dreifa áhættu með erlendum fjárfestingum. Jafnframt hafa höftin þau áhrif að ávöxtunarmöguleikar eru takmarkaðir sem kemur niður á lífeyrisþegum framtíðar með skertum greiðslum.

LL leggja áherslu á að afnám gjaldeyrishafta er eitt brýnasta verkefni sem stjórnvöld standa frammi fyrir að leysa og því er mikilvægt að settar verði fram raunhæfar áætlanir í þessu efnum.

Virðingarfyllt  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri